

## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 5. apríl 2004

um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski

(tilkynnt með númeri C(2004) 1257)

(Texti sem varðar EES)

(2004/328/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB <sup>(2)</sup> eru áætlunir, sem hin ýmsu aðildarríki hafa lagt fram, samþykktar og tilgreindar. Áætlunum er ætlað að gera aðildarríkjunum kleift að hefja málsmeðferð síðar meir til þess að svæði eða eldisstöð á svæði, sem ekki er viðurkennt, geti öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem er ekki viðurkennt, með tilliti til físksjúkdómanna veirublæðis [O: veirublæðingar] (VHS) og iðradreps (IHN).
- 2) Í bréfi dagsettu 23. desember 2003 sótti Ítalía um samþykkt áætlunar fyrir svæðið Valle del torrente Venina. Í ljós hefur komið að umsóknin, sem lögð var fram, er í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja hana. Á umsóknartímanum var fyrsta sýnataka í maí 2003. Áætlunin skal því standa yfir a.m.k. fram í júní 2005.
- 3) Í bréfi dagsettu 21. desember 2003 sótti Ítalía um samþykkt áætlunar fyrir eldisstöðina Bassan Antonio. Í ljós hefur komið að umsóknin, sem lögð var fram, er í samræmi við 10. gr. tilskipunar 91/67/EBE og skal því samþykkja hana. Svæðið var ekki haft undir eftirliti árið 2002. Áætlunin skal því standa yfir til ársloka 2004 með minnst tveimur sýnatökum á ári.

- 4) Áætluninni, sem á við um sjálfstjórnarhéraðið La Rioja, er lokið og svæðinu hefur verið bætt við í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB <sup>(3)</sup>.
- 5) Breyta ber ákvörðun 2003/634/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2003/634/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi I. viðauki við þessa ákvörðun.
2. Í stað II. viðauka komi II. viðauki við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003 bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2003/904/EB (Stjtið. ESB L 340, 24.12.2003, bls. 69).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/839/EB (Stjtið. ESB L 319, 4.12.2003, bls. 21).

## I. VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDS SVÆÐIS MEÐ TILLITI TIL  
FISKSKJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS [ð; VEIRUBLÆÐINGAR] OG IÐRADREPS

## 1. DANMÖRK

ÁÆTLANIRNAR, SEM DANMÖRK LAGÐI FRAM 22. MAÍ 1995, NÁ YFIR:

- Vatnasvið FISKEBÆK Å
- ALLT JÓTLAND sunnan og vestan vatnasviða Storåen, Karup åá, Gudenåen og Grejs åá
- Allar DANSKAR EYJAR

## 2. ÞÝSKALAND

ÁÆTLUNIN, SEM ÞÝSKALAND LAGÐI FRAM 25. FEBRÚAR 1999, NÆR YFIR:

- Svæði á vatnasviðinu „OBERN NAGOLD“

## 3. SPÁNN

## 4. FRAKKLAND

## 5. ÍTALÍA

5.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA BOLZANO 6. OKTÓBER 2001, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 27. MARS 2003, NÆR YFIR:

**Sýslan Bolzano**

- Svæðið samanstendur af öllum vatnasviðum í sýslunni Bolzano.

Svæðið tekur til efri hluta svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE, þ.e. vatnasviðs árinna Adige, frá upptökum hennar í sýslunni Bolzano að landamærum sýslunnar Trento.

(ATH: Neðri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sjálfstjórnarsýsluna Trento. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

5.2. ÁÆTLANIRNAR, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SJÁLFSTJÓRNARSÝSLUNA TRENTO 23. DESEMBER 1996 OG 14. JÚLÍ 1997, NÁ YFIR:

**Zona Val di Sole e di Non**

- Vatnasviðið frá upptökum vatnsfallsins Noce að stíflunni við S. Giustina

**Zona Val dell'Adige — neðri hlutinn**

- Vatnasvið árinna Adige ásamt upptökum hennar á yfirráðasvæði sjálfstjórnarsýslunnar Trento frá landamærum sýslunnar Bolzano að Ala-stíflunni (vatnsorkuver).

(ATH: Efri hluti svæðisins ZONA VAL DELL'ADIGE fellur undir samþykktu áætlunina um sýsluna Bolzano. Litið er svo á að efri og neðri hluti þessa svæðis séu ein heild í faraldsfræðilegu tilliti.)

**Zona Torrente Arnò**

- Vatnasviðið frá upptökum fljótsins Arnò að hindrunum forstreymis áður en Arnò rennur í ána Sarca

**Zona Val Banale**

- Vatnasvið Ambies-lægðarinnar að stíflunni sem er við vatnsorkuver

**Zona Varone**

- Vatnasviðið frá upptökum fljótsins Magnone að fossinum

**Zona Alto e Basso Chiese**

- Vatnasvið árinna Chiese frá upptökum að stíflunni við Condino, að frátöldum lögðum fljótanna Adanà og Palvico

**Zona Torrente Palvico**

- Vatnasvið Palvico-lægðarinnar að hindrun úr steinsteypu og grjóti

## 5.3. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 21. FEBRÚAR 2001, NÆR YFIR:

**Zona Torrente Astico**

- Vatnasvið árinna Astico frá upptökum hennar (í sjálfstjórnaarsýslunni Trento og í sýslunni Vicenza í héraðinu Veneto) að stíflunni sem er í grennd við Pedescala-brúna í sýslunni Vicenza.

Litið er svo á að áin Astico, forstreymis á milli stíflunnar, sem er í grennd við Pedescala-brúna, og Pria Maglio-stíflunnar, sé sóttvarnabelti.

## 5.4. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ UMBRIA 20. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

- Zona Fosso de Monterivoso:** vatnasvið árinna Monterivoso, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum við Ferentillo

## 5.5. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ LOMBARDIA 1. FEBRÚAR 2002, NÆR YFIR:

- Zona Val Brembana:** vatnasvið árinna Brembo, frá upptökum hennar að ófæru hindrununum í bæjarfélaginu de Ponte S. Pietro

## 5.6. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ LOMBARDIA 23. DESEMBER 2003, NÆR YFIR:

- Zona Valle de Torrente Venina:** Vatnasvið árinna Vienna frá upptökum og með eftirtöldum endimörkum:

- Vestur: dalurinn Livrio
- Suður: Orobie-Alparnir frá Publino-skarðinu að tindinum Redorta
- Austur: dalirnir Armisa og Armisola

## 6. FINNLAND

## 6.1. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995, NÆR YFIR:

- Öll meginlands- og strandsvæði í Finnlandi, nema:
  - Álandssýslu
  - svæði í Pyhtää sem takmarkanir gilda um
  - svæði sem takmarkanir gilda um og nær yfir sveitarfélögin Uusikaupunki, Pyhäranta og Rauma

## 6.2. ÁÆTLUNIN, SEM FINNLAND LAGÐI FRAM 29. MAÍ 1995 OG NÆR YFIR SÉRSTAKAR RÁÐSTAFANIR TIL ÚTRÝMINGAR, EINS OG HENNI VAR BREYTT Í BRÉFI FRÁ 27. MARS 2002, 4. JÚNÍ 2002, 12. MARS 2003, 12. JÚNÍ 2003 OG 20. OKTÓBER 2003, NÆR YFIR:

- Alla Álandssýslu
- Svæði í Pyhtää sem takmarkanir gilda um
- Svæði sem takmarkanir gilda um og nær yfir sveitarfélögin Uusikaupunki, Pyhäranta og Rauma.“

II. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

ÁÆTLANIR SEM ERU LAGÐAR FRAM TIL AÐ NÁ STÖÐU VIÐURKENNDRAR ELDISSTÖÐVAR Á SVÆÐI SEM ER EKKI VIÐURKENNT MEÐ TILLITI TIL FISKSKJÚKDÓMANNA VEIRUBLÆÐIS [3] VEIRUBLÆÐINGAR] OG IÐRADREPS

1. ÍTALÍA

- 1.1. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR SÝSLUNA UDINE Í HÉRAÐINU FRIULI VENEZIA GIULIA, 2. MAÍ 2000, NÆR YFIR:

**Eldisstöðvar á vatnasviði árinna Tagliamento:**

— Azienda Vidotti Giulio s.n.c., Sutrio

- 1.2. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 5. APRÍL 2002, NÆR YFIR:

**Eldisstöðvar á vatnasviði árinna Sile:**

— Azienda Trotilcoltura S. Cristina, Via Chiese Vecchio 14 - Loc. S. Cristina di Quinto

- 1.3. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ VENETO 21. DESEMBER 2003, NÆR YFIR:

**Eldisstöðina:**

— Azienda agricola Bassan Antonio

- 1.4. ÁÆTLUNIN, SEM ÍTALÍA LAGÐI FRAM FYRIR HÉRAÐIÐ PIEMONTE 5. SEPTEMBER 2002, NÆR YFIR:

**Eldisstöðina:**

— Incubatoio ittico di valle — Loc Cascina Prella — Traversella (TO)“